


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 3	<b>TLB 102 – textíl- og búningasaga</b>	<b>Kennsluáætlun haust 2013</b>

<b>Kennari</b>	<b>Ragnheiður Björk Þórsdóttir</b>	<b>Sk.st.</b>	<b>RÞÓ</b>
----------------	------------------------------------	---------------	------------

#### Áfangalýsing:

Í áfanganum fá nemendur innsýn í textíl- og búningasögu mannsins frá upphafi fram á okkar daga og gera sér grein fyrir hvaða áhrif veðurfar, stjórnsmál, tækniframfarir og tíska hefur á manninn. Nemendur fá einnig innsýn í verkmenningu mannsins í ólíkum menningarsamfélögum frá tímum pýramídanna og fram á 21. öldina. Lögð er áhersla á að nemendur geri sér grein fyrir hvaða áhrif gróður og veðurfar hefur á gerð bygginga, fatnaðar og annara hluta sem ætlaðir eru til almennra nota í manngerðu umhverfi.

#### Markmið:


- að nemendur fái innsýn í textíl- og búningasögu mannsins frá upphafi fram á okkar daga.
- að nemendur fái innsýn í verkmenningu mannsins í ólíkum menningarsamfélögum fram á 21. öldina.
- að nemendur geri sér grein fyrir því hvaða áhrif gróður og veðurfar hefur á gerð bygginga, fatnaðar og annarra hluta sem ætlaðir eru til almennra nota í manngerðu umhverfi.

#### Kennslutilhögun:

2 x 2 kennslustundir á viku í 14 vikur, ca 56 kennslustundir. Gert er ráð fyrir að hlutur textílsögunnar sé ca. 33%, hlutur búningasögunnar ca. 33% og hlutur listiðnaðarsögunnar ca. 34% af áfanganum. Verkefni eru unnin í hverjum hluta fyrir sig.

#### Áætlun um yfirferð:

<b>1. hluti:</b>	<b>Textílsagan – 33%, ca 5 vikur</b>	<b>Hópverkefni: skil ca. 20. sept.</b>
<b>Vika 35 - 39</b>	<p>Í upphafi er farið yfir helstu hugtök sem nauðsynlegt er að nemendur kunni skil á s.s. körfugerð, vefnaður, myndvefnaður, þrjón, útsaumur, þrykk og frjáls textíll.</p> <p>Byrjað á textílsögu forn Egyptalands og síðan stiklað á stóru í sögu og þróun textílsins fram á okkar daga.</p> <p>Textíllinn sem myndlistarmiðill skoðaður – upphaf og endir?</p>	<p><b>1. verkefni</b></p> <p><b>Textílsagan</b></p> <p><b>Vægi: 20%</b></p>

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 3	<b>TLB 102 – textíl- og búningasaga Kennsluáætlun haust 2013</b>	


<b>2. hluti</b>	<b>Búningasagan – 33% , ca 5 vikur.</b>	
<b>Vika 39 – 44</b>	<p>Búningasagan rakin frá upphafi og fram á okkar daga. Farið í gegnum helstu efnisnotkun í fatnaði frá upphafi, jafnt í Evrópu, Afríku, Asíu og Ameríku. Iðnbyltingin og áhrif hennar á efnisnotkun og framleiðsluhætti. Áhrifaþættir eins og veðurfar, trúarbrögð og tíska skoðuð í hinum ýmsu menningarsamfélögum eins og tími leyfir.</p> <p>Efnishugtök og heiti skoðuð: Leður, ull, silki, bómull, hör, gerviefni, ofin munsturefni, áþrykkt efni og fl. Textíl- og búningasagan skarast að miklu leiti og verður sérstaklega farið í gegnum þann þátt í bæði fyrstu og annari lotu.</p>	<p><b>Hópverkefni 2 og einstaklingsritgerð.</b></p> <p><b>Hópverkefni: Búningasagan.</b></p> <p><b>Vægi: 20% og skil ca. 18. okt.</b></p> <p><b>Einstaklingsritgerð/dagbók.</b></p> <p><b>Skil: ca. 16.nóv.</b></p> <p><b>Vægi: 35%</b></p>

<b>3. hluti:</b>	<b>Listiðnaðar og hönnunarsagan – 33%, ca 5 vikur.</b> <b>Vika 44 - 49</b>	<b>Hópverkefni: skil 19. nóv.</b>
	<p>Saga byggingarlistarinnar eða arkitektúrs skoðuð frá forn Egyptum fram á okkar daga. Fjallað verður um byggingar, húsmuni og aðra nytjahluti og skoðað hvað hefur helst áhrif á hönnun og útlit þessara hluta.</p> <p>Skoðuð verða hugtök eins og iðnbyltingin, listiðnaðarfélag, listiðnaðarfyrirtæki, listiðnaðarskólar, heimssýningar, Shakers, Art Nouveau, De Stijl, Bauhaus, Art Deco, straumlína, nytjastefna og naumhyggja. Reynt verður að skoða hönnunarsöguna á Íslandi á 21. öldinni eins og tíminn leyfir.</p>	<p><b>Hópverkefni 3.</b></p> <p><b>Hönnunarsagan</b></p> <p><b>Vægi: 20% og skil ca. 22. nóv.</b></p>

### Námshöggn:

Hefti frá kennara – í tölvutæku formi (Moodle). Ýmsar hönnunar-, textíl- og búningasögubækur af bókasafni VMA.

Æskilegt er að nemendur hafi aðgang að, eða kaupir sér bækurnar *Tíska* (e. Gertrud Lehnert, Háskólaútgáfan: 2000) og *Hönnun*. (e. Thomas Hauffe, Háskólaútgáfan:1999).

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	<b>TLB 102 – textíl- og búningasaga Kennsluáætlun haust 2013</b>	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 3 af 3		

### Verkefni:

Nemendur vinna alls fjögur verkefni á önninni – þrjú hópverkefni og eitt einstaklingsverkefni. Í einstaklingsverkefninu velja nemendur á milli dagbókarforms og heimildaritgerðar.

### Námsmat og vægi námsþátta:

Próflaus símats áfangi þar sem vinna nemenda er metin þ.e. þrjú hópverkefni sem gilda 20 % hvert og einstaklingsritgerð/dagbók sem gildir 35 %. Metin verður þekking og skilningur nemenda á forsendum hönnunar og textíls og einnig verður lagt mat á þátttöku nemenda í umræðum.

Ef nemendur kjósa að gera dagbók í lokaverkefni í stað heimildaritgerðar þá er æskilegt að þeir byrji að vinna dagbókina í upphafi annar, geta notað hana bæði sem glósu-, úrklippi- og gagnasöfnunarbók.

Ástundun og mæting gildir 5% af lokaekinnun.

Með fyrirvara um breytingar.

**Ragnheiður Björk Þórsdóttir**

[ragga@vma.is](mailto:ragga@vma.is)

GSM: 8475133

**Dagsetning: 18.08.2013**

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils